



Eftirlitsskýrsla

Áburðareftirlit 2012

Desember 2012



EFNISYFIRLIT

I. Framkvæmd áburðareftirlits.....	4
1. Inngangur	4
2. Áburðareftirlit	4
3. Sýnataka	4
4. Leyfð vikmörk	4
5. Helstu niðurstöður áburðareftirlits ársins 2012	5
II. A4 ehf.....	6
1. Skráður áburður hjá A4 ehf.....	6
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	6
2.1. Blaukorn	6
III. Bauhaus Ísland ehf.....	7
1. Skráður áburður hjá Bauhaus Ísland ehf.....	7
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	7
2.1. Plænegöðning	7
2.2. Plænekalk + göðning	8
IV. Búvís ehf.....	9
1. Skráður áburður hjá Búvís ehf.	9
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	9
2.1. Kraftur N 34	9
2.2. Völlur 30	9
2.3. Völlur 28	10
2.4. Kraftur EU 27	10
2.5. Kraftur EU + S	11
2.6. Völlur 26	11
2.7. Völlur 23	12
2.8. Völlur 20	12
2.9. Völlur 17	13
V. Fóðurblandan.....	14
1. Skráður áburður hjá Fóðurblandunni.	14
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	14
2.1. Magni S	14
2.2. Græðir 9	14
2.3. Magni 1.....	15
2.4. Fjölmóði 3.....	15
2.5. Fjölgræðir 9b	15
2.6. Fjölmóði 2	15
2.7. Fjölgræðir 7	16
2.8. Fjölgræðir 6	16
2.9. Græðir 8	17
2.10. Fjölgræðir 5	17
2.11. Græðir 1	17
VI. Frjó Quatro ehf.....	19
1. Skráður áburður hjá Frjó Quatro ehf.	19
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	19
2.1. Monokalíumfosfat	19
VII. Húsasmiðjan	20
1. Skráður áburður hjá Húsasmiðjunni.....	20

2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	20
2.1. Garðablámi	20
VIII. NPK ehf.	21
1. Skráður áburður hjá NPK ehf.....	21
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	21
2.1. Power Basic.....	21
IX. Skeljungur hf.	22
1. Skráður áburður hjá Skeljungu.....	22
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	22
2.1. Sprettur 27-6-6	22
2.2. Sprettur 27% N	23
2.3. Sprettur 26-13.....	23
2.4. Sprettur 25-5+Avail+Se.....	24
2.5. Sprettur 25-5.....	24
2.6. Sprettur 23-12+Avail.....	25
2.7. Sprettur 22-7-6+Se	25
2.8. Sprettur 22-7-6	26
2.9. Sprettur 20-10-10+Avail.....	26
2.10. Sprettur 20-10-10.....	27
2.11. Sprettur 20-12-8+Se	27
2.12. Sprettur 20-12-8.....	28
2.13. Sprettur DAP	28
2.14. Sprettur 16-15-12.....	29
2.15. Sprettur 12-12-20+B+Avail.....	30
2.16. Sprettur 12-18-15+Avail	30
X. Sláturfélag Suðurlands sf.	32
1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands.	32
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	32
2.1. Opti-NS.....	32
2.2. Opti-Kas 27-0-0	33
2.3. NP 26-6	33
2.4. NPK 25-2-6.....	33
2.5. NPK 24-4-7	34
2.6. NPK 21-3-8+Se	34
2.7. NPK 21-4-10.....	35
2.8. Kalksaltspétur	35
2.9. NPK 15-7-12.....	36
2.10. Opti-Start	36
2.11. NPK 12-4-18.....	37
2.12. NPK 6-5-20.....	37
XI. Innfluttur áburður á árinu	38
1. A4 ehf.	38
2. Ágústa Sif Aðalsteinsdóttir	38
3. Bananar ehf.	38
4. Bauhaus Ísland ehf.	39
5. Bergdal ehf.	39
6. Bústólpi.....	39
7. Búvís ehf.	40
8. Fóðurblandan hf.	40

9. Dýraríkið ehf.	41
10. Frjó Quatro ehf.	41
11. Grastec ehf.	42
12. Gróðurvörur ehf.	42
13. Gróðurlausnir ehf.	43
14. Húsasmiðjan	43
15. Innigarðar ehf.	44
16. Jarðarberjaland ehf.	44
17. Kaupfélag Skagfirðinga	45
18. Landstólpi ehf.	45
19. Lifa ehf.	45
20. Lífland ehf.	46
21. MHG ehf.	46
22. Nathan & Olsen hf.	46
23. Rannsóknastöð Skógræktarinnar á Mógilsá	46
24. NPK ehf.	47
25. Samasem ehf.	47
26. Skeljungur hf.	48
27. Sláturfélag Suðurlands svf.	49
28. Steindir ehf.	49
XII. Innlend áburðarframléiðsla	50
1. Innlend áburðarframléiðsla	50
1.1. Förgun ehf.	50
1.2. Guðjón D Gunnarsson	50
1.3. Haustak hf.	50
1.4. Íslenska Gámafélagið Gufunesi	50
1.5. Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.	50
1.6. Molta ehf.	50
1.7. NorðurBragð	50
1.8. Skinney – Þinganes	51
1.9. Sorpa Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins	51
1.10. Spretta ehf.	51
1.11. Ylfur ehf.	51
1.12. Þórduna ehf.	51
1.13. Þörungaverksmiðjan	51
XIII. Athugasemdir frá fyrirtækjum	52

I. Framkvæmd áburðareftirlits

1. Inngangur

Um áburð og eftirlit með ólífrænum áburði gilda lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð, sem innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2003/2003 um áburð og gildir því um merktan EB-áburð og reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni sem gildir um áburð sem ekki er merktur EB-áburður. Um birtingu niðurstaðna áburðareftirlits gildir reglugerð 291/2010 um birtingu niðurstaðna eftirlits með áburði. Samkvæmt henni ber Matvælastofnun að birta á heimasíðu sinni niðurstöður áburðareftirlits fyrir lok viðkomandi árs. Hverju fyrirtæki verður gefinn kostur á að andmæla niðurstöðum stofnunarinnar og verða andmælin birt í viðauka við eftirlitsskýrsluna. Því verða niðurstöður eftirlits þessa árs birtar á heimasíðu Matvælastofnunar.

2. Áburðareftirlit

Allan áburð sem settur er á markað héraðs ber að skrá hjá Matvælastofnun. Það á bæði við um áburð sem er fluttur inn og þann sem er framleiddur héraðs, hvort sem áburðurinn er ólífrænn eða lífrænn. Undantekning frá þessari reglu er húsdýraáburður sem notaður er innan býlis. Innflytjendur og framleiðendur áburðar verða því að láta skrá þær tegundir áburðar sem ætlunin er að setja á markað.

3. Sýnataka

Sýni af ólífræna áburðinum eru tekin með þar til gerðu sýnatökuspjóti. Úr fjölkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 40 sekkjum (40/1), en úr einkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 8 sekkjum (8/1), þar sem hver spjótstunga er talin eitt hlutasýni. Sýnatökusekkir voru valdir af handahófi á hverjum sýnatökustað. Þannig mynduðu hlutasýnin safnsýni, sem var smækkað og að lokum skipt í 4 lokasýni, 500 - 1000 g hvert. Við smækkun og skiptingu sýnanna var notaður sýnadeilir, sem bæði blandar og skiptir sýnunum. Til að tryggja sem besta blöndun eru sýnin blönduð tvisvar með sýnadeilinum. Matvælastofnun sendi svo fljótt sem verða mátti eitt lokasýni í efnagreiningu hjá LUFA í Þýskalandi, eitt lokasýni fékk viðkomandi fyrirtæki, en tvö lokasýni eru í vörslu Matvælastofnunar til frekari efnagreininga ef þurfa þykir.

Til viðbótar sýnatöku er litið á áferð áburðarins t.d. hvort hann er kekkjóttur og mun á litbrigðum auk þess sem merkingar áburðarins eru skoðaðar og gerðar athugasemdir eftir því sem við á.

4. Leyfð vikmörk

Reglur um leyfð vikmörk næringarefna í áburði eru í 5. viðauka reglugerðar 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og II viðauka EB-reglugerðar nr. 2003/2003 um áburð sem var innleidd með reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð. Leyfð vikmörk skilgreina hve mikið mælt innihald næringarefna í áburði má víkja frá skráðu innihaldi þeirra. Við setningu vikmarkanna var tekið tillit til skekkju vegna sýnatöku og mælingaaðferða. Ekki er sett hámark á innihald einstakra næringarefna í áburðinum, en vikmörkin eru því neikvæð gildi, þ.e. hve mikið mælt innihald næringarefna má vera lægra en skráð gildi. Aftast í töflunum um efnagreiningar á hverri áburðartegund eru leyfð vikmörk gefin upp fyrir hvert næringarefni, eða fyrir áburðartegundina.

5. Helstu niðurstöður áburðareftirlits ársins 2012

Á árinu 2012 fluttu 28 fyrirtæki inn áburð alls 261 tegund. Alls voru flutt inn 51.753 tonn af áburði. Innlendir framleiðendur eru 13, það eru fyrirtæki sem framleiða áburð eða jarðvegsbætandi efni á landinu. Áburðarfyrirtækin sem voru með einhverja starfsemi á árinu eru því 41.

Sýnataka og vöruskoðun var gerð hjá 9 innflutningsfyrirtækjum og voru alls 55 áburðarsýni tekin á árinu. Auk þess voru merkingar og umbúðir skoðaðar.

Við efnamælingar kom í ljós að 8 áburðartegundir voru með meira frávik í efnainnihaldi en leyfilegt er samkvæmt ákvæðum reglugerða. Þar af voru 2 með of mikið kadmíuminnihald, 1 með of lítið köfnunarefni, 1 með of lítinn fosfór, 1 með of lítið kalsíum, 2 með of lítinn brennistein og 1 með of lítið magnesíum. Þessar tegundir hafa verið teknar af skrá Matvælastofnunar. Allt miðast við uppgöfin gildi við skráningu og samkvæmt merkingum.

Merkingar áburðarins hafa batnað verulega frá fyrri árum og eru fáar athugasemdir gerðar þess vegna. Samræmi þarf að vera milli merkinga áburðar og þess sem gefið er upp við skráningu hans. Merkingar áburðarins eiga að vera á íslensku og hlutföll næringarefna af þyngd skulu skráð á merkingar.

Mikilvægt er að gera grein fyrir því hvort áburður, sem fyrirtæki hyggjast skrá, sé lífrænn eða ólífrænn. Þannig voru 5 tegundir teknar af skrá Matvælastofnunar og sala þeirra bönnuð vegna þess að við skráningu þeirra var gefið upp að þær væru ólífrænar en við skoðun merkinga reyndust þær vera lífrænar og merktar áberandi sem slíkar.

II. A4 ehf.

1. Skráður áburður hjá A4 ehf.

A4 ehf. hefur 3 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnunar. Árið 2012 voru þessar áburðartegundir nýskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári var eitt sýni tekið af áburði sem A4 flytur inn. Niðurstöður eftirlitsins eru hér að neðan.

2.1. Blaukorn

Sýni af þessum áburði var tekið í fyrirtækinu 25. maí. Innihald næringarefna mældist yfir leyfðum vökmörkum. Kadmíum var undir leyfilegu hámarki

Tafla 1 Niðurstöður efnagreininga af Blaukorn

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vökmörk
Köfnunarefni (N)	14,00	13,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	3,00	3,22	0,22	-0,48
Kalí (K)	14,00	15,06	1,06	-0,91
Brennisteinn (S)	9,00	10,10	1,10	-0,36

Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 32 mg/kg fosfórs (P)

Athugasemdir voru gerðar við merkingar áburðarins. Á íslensku merkingunni er kalí (K) sagt vera 17% en á erlendri merkingu er kalíoxíð (K₂O) sagt vera 17%. Kalsíum (Ca) og Sínk (Zn) er gefið upp á íslensku merkingunni en er ekki á þeirri erlendu.

III. Bauhaus Ísland ehf.

1. Skráður áburður hjá Bauhaus Ísland ehf.

Bauhaus Ísland ehf. hefur 8 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnun. Árið 2012 voru 14 áburðartegundir nýskráðar hjá Matvælastofnun, 6 þeirra hafa verið teknar af skrá.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru 2 sýni tekin af áburði sem Bauhaus Ísland ehf. flytur inn einnig voru skoðaðar merkingar á áburðinum. Athugasemdir voru gerðar við að merkingar áburðarins voru ekki á Íslensku. Fimm áburðartegundir undir tegundaheitinu „Animix“ voru teknar af skrá og sala þeirra bönnuð vegna þess að við skoðun voru þær merktar sem lífrænn áburður en þær upplýsingar sem gefnar voru við skráningu sögðu að hann væri ólífrænn. Hráefnalýsingu vantar því á þessar áburðartegundir, en innflutningur allmargra lífrænna efna sem áburðarefni er bannaður skv. reglugerðum 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins og 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

Áburðartegundin Plænekalk + gödning var tekin af skrá vegna of hás kadmíumgildis í áburðinum auk þess sem efnagreining á næringarefnum gaf gildi sem voru í miklu ósamræmi við skráð gildi og merkingar áburðarins.

Niðurstöður eftirlitsins eru eftirfarandi:

2.1. Plænegödning

Sýni af áburðartegundinni Plænegödning var tekið í fyrirtækinu 31. maí. Efnagreiningar fyrir næringarefni gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum mældist undir leyfðu hámarki. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Athugasemd er gerð við að merkingar áburðarins eru ekki á Íslensku.

Tafla 2 Niðurstöður efnagreininga af Plænegödning

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	14,00	13,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	3,00	3,00	0,00	-0,48
Kalí (K)	15,00	15,93	0,93	-0,91
Brennisteinn (S)	10,00	10,90	0,90	-0,36
Magnesíum (Mg)	2,50	4,00	1,50	-0,55

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum

2.2. Plænekalk + gödning

Sýni af áburðartegundinni Plænekalk + gödning var tekið í fyrirtækinu 31. maí. Efnagreiningar fyrir næringarefni gáfu gildi sem voru í ekki í samræmi við skráningar og merkingar. Kadmíum mældist verulega yfir leyfðu hámarki. Áburðurinn var því tekinn af skrá og sala hans bönnuð.

Tafla 3 Niðurstöður efnagreininga af Plænekalk + gödning

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	11,00	6,20	-4,80	-1,10
Fosfór (P)	2,00	1,34	-0,66	-0,48
Kalí (K)	4,00	3,04	-0,96	-0,91
Kalsíum (Ca)	16,40	27,90	11,50	-0,64
Magnesium (Mg)	3,00	6,19	2,25	-0,55

Kadmíum (Cd) mældist 168 mg/kg fosfórs (P)

IV. Búvís ehf.

1. Skráður áburður hjá Búvís ehf.

Búvís ehf. hefur 19 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnun. Árið 2012 voru 9 áburðartegundir nýskráðar eða endurskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru sýni tekin af 9 áburðartegundum sem Búvís ehf. flytur inn.

Efnagreiningar á áburðarsýnunum leiddu í ljós að brennisteinn (S) í áburðartegundunum Krafti EU 27+S og Velli 20 reyndist vera undir leyfðum vikmörkum, en samkvæmt ákvæðum í 5. viðauka reglugerðar 398/1995 má frávik ekki vera meira en -0,36.

Efnamælingar á öðrum áburðartegundum gáfu ekki frávik yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum.

Í ljósi niðurstaðna á efnagreiningum áburðarins eru eftirtaldar áburðartegundir teknar af skrá Matvælastofnunar og er dreifing þeirra ekki leyfð til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu, sem sýni að áburðurinn stenst kröfur um efnainnihald:

Kraftur EU+S vegna of lítils brennisteins (S)

Völlur 20 vegna of lítils brennisteins (S)

Athugasemd var gerð við merkingu áburðarins Völlur 28, en hann var illa merktur, fyrirtækið lofaði bótum, því merkingar væru í prentun. Merkingar annarra áburðartegunda voru ýmist áprentaðar á áburðarsekkina eða á miðum áfestum við op áburðarsekkjanna og er ekki gerð athugasemd við þær. Engin áburðartegund var merkt sem EB-áburður.

Hér verður fjallað um niðurstöður fyrir hverja áburðartegund:

2.1. Kraftur N 34

Sýni af Krafti N 34 var tekið 7. maí í Þorlákshöfn. Engar athugasemdir eru gerðar við efnainnihald eða merkingar áburðarins.

Tafla 4 Niðurstöður efnagreininga af Krafti N 34

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	34,40	34,40	0,00	-0,60

2.2. Völlur 30

Sýni af Velli 30 var tekið 25. apríl á Akureyri. Mæld gildi fyrir öll næringarefni voru yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum var ekki mælanlegt í áburðinum. Engar athugasemdir eru gerðar við efnainnihald né merkingar áburðarins.

Tafla 5 Niðurstöður efnagreininga af Velli 30

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	30,00	30,20	0,20	
Fosfór (P)	2,00	3,02	1,02	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43)			0,00	-0,80
Brennisteinn (S)	2,90	3,35	0,35	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum

2.3. Völlur 28

Sýni af Velli 28 var tekið 25. apríl á Akureyri. Mæld gildi fyrir öll næringarefni voru yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum var ekki mælanlegt í áburðinum. Engar athugasemdir eru gerðar við efnainnihald áburðarins. Athygli er vakin á háu gildi fyrir fosfór (P) og kom það einnig fram í efnagreiningu sem fyrirtækið lét gera hjá EVIRA í Finnlandi. Áburðurinn var illa merktur og var gerð athugasemd við það. Fyrirtækið gaf þá skýringu eð ekki væri búið að festa merkingar við áburðarsekkina þegar eftirlitið fór fram.

Tafla 6 Niðurstöður efnagreininga af Velli 28

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,50	26,50	-1,00	-1,10
Fosfór (P)	5,00	6,98	1,98	-0,48
Brennisteinn (S)	2,90	3,13	0,23	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum

Tafla 7 Niðurstöður efnagreininga af Velli 28 frá EVIRA í Finnlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,50	26,30	-1,20	-1,10
Fosfór (P)	5,00	7,30	2,30	-0,48

2.4. Kraftur EU 27

Sýni af Krafti EU 27 var tekið 25. apríl á Akureyri. Efnagreining fyrir magnesíum gáfu mjög hátt gildi og lét fyrirtækið efnagreina það hjá EVIRA í Finnlandi og fengust þar aðrar niðurstöður. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald né merkingar áburðarins.

Tafla 8 Niðurstöður efnagreininga af Krafti EU 27

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,80	27,00	0,20	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,20	5,37	1,17	-0,64
Magnesíum (Mg)	2,40	7,83	5,43	-0,55

Tafla 9 Niðurstöður efnagreininga af Krafti EU 27 frá EVIRA í Finnlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Magnesium (Mg)	2,4	2,60	0,20	-0,55

2.5. Kraftur EU + S

Sýni af Krafti EU 27 + S var tekið 25. apríl á Akureyri. Niðurstöður efnagreininga gáfu gildi fyrir brennistein (S) undir leyfðum vikmörkum. Efnagreiningar sem fyrirtækið lét gera hjá EVIRA í Finnlandi gáfu einnig gildi fyrir brennistein undir leyfðum vikmörkum. Önnur næringarefni mældust fyrir ofan leyfð vikmörk. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Vegna frávíks fyrir brennistein (S) er áburðurinn tekinn af skrá Matvælastofnunar og þarf fyrirtækið að skrá hann að nýju. Dreifing áburðarins til notenda verður ekki leyfður fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af honum og látið efnagreina og fengið niðurstöður sem sýna að áburðurinn stenst kröfur um efnainnihald.

Tafla 10 Niðurstöður efnagreininga af Krafti EU 27 + S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,80	27,00	0,20	-0,80
Kalsíum (Ca)	5,00	6,48	1,48	-0,64
Brennisteinn (S)	3,50	2,90	-0,60	-0,36

Tafla 11 Niðurstöður efnagreininga af Krafti EU 27 + S frá EVIRA í Finnlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Kalsíum (Ca)	5,00	6,00	1,00	-0,64
Brennisteinn (S)	3,50	2,70	-0,80	-0,36

2.6. Völlur 26

Sýni af Krafti Velli 26 var tekið 25. apríl á Akureyri. Niðurstöður efnamælinga gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum greindist ekki í áburðinum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 12 Niðurstöður efnagreininga af Velli 26

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	24,90	-1,10	
Fosfór (P)	2,50	3,13	0,63	
Kalí (K)	4,90	6,42	1,52	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-1,10	-1,20

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum

Tafla 13 Niðurstöður efnagreininga af Velli 26 frá EVIRA í Finnlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	26,20	0,20	
Fosfór (P)	2,50	2,90	0,40	
Kalí (K)	4,90	5,80	0,90	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,20

2.7. Völlur 23

Sýni af Velli 23 var tekið 7. maí í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnamælinga gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum greindist ekki í áburðinum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 14 Niðurstöður efnagreininga af Velli 23

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	22,50	-0,50	
Fosfór (P)	3,00	3,44	0,44	
Kalí (K)	10,00	11,27	1,27	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,50	-1,20

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum.

Tafla 15 Niðurstöður efnagreininga af Velli 23 frá EVIRA í Finnlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	23,10	0,10	
Fosfór (P)	3,00	3,30	0,30	
Kalí (K)	10,00	11,00	1,00	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,20

2.8. Völlur 20

Sýni af Velli 20 var tekið 25. apríl á Akureyri. Niðurstöður efnagreininga gáfu gildi fyrir brennistein (S) undir leyfðum vikmörkum. Efnagreiningar sem fyrirtækið lét gera hjá EVIRA í Finnlandi gáfu einnig gildi fyrir brennistein undir leyfðum vikmörkum. Önnur næringarefni mældust fyrir ofan leyfð vikmörk. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Vegna frávíks fyrir brennistein (S) er áburðurinn tekinn af skrá Matvælastofnunar og þarf fyrirtækið að skrá hann að nýju. Dreifing áburðarins til notenda verður ekki leyfður fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af honum og látið efnagreina og fengið niðurstöður sem sýna að áburðurinn stenst kröfur um efnainnihald.

Tafla 16 Niðurstöður efnagreininga af Velli 20

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,50	20,70	0,20	
Fosfór (P)	4,20	4,65	0,45	
Kalí (K)	8,00	9,55	1,55	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,20
Brennisteinn (S)	4,50	4,02	-0,48	-0,36

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

Tafla 17 Niðurstöður efnagreininga af Velli 20 frá EVIRA í Finnlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Fosfór (P)	4,20	4,50	0,30	
Kalí (K)	8,00	8,90	0,90	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,20
Brennisteinn (S)	4,50	3,80	-0,70	-0,36

2.9. Völlur 17

Sýni af Velli 17 var tekið 25. apríl á Akureyri. Niðurstöður efnamælinga gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum greindist ekki í áburðinum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 18 Niðurstöður efnagreininga af Velli 17

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,50	16,70	0,20	
Fosfór (P)	6,40	6,73	0,33	
Kalí (K)	12,00	13,76	1,76	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,20

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

V. Fóðurblandan

1. Skráður áburður hjá Fóðurböndunni.

Fóðurblandan hefur 36 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnunar. Auk þeirra eru á skrá 2 tegundir köfnunarefnisbindandi baktería fyrir ertur og smára. Árið 2012 voru 2 áburðartegundir nýskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru sýni tekin af 11 áburðartegundum sem Fóðurblandan flytur inn. Ekki eru gerðar athugasemdir við næringarefnainnihald í þessum áburðartegundum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum.

Hér verður fjallað um niðurstöður fyrir hverja áburðartegund:

2.1. Magni S

Sýni af Magna S var tekið 30. mars í Þorlákshöfn. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er ekki EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 19 Niðurstöður efnagreininga af Magna S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	27,40	0,40	-0,80
Kalsíum (Ca)	4,20	6,10	1,90	-0,64
Brennisteinn (S)	4,00	4,95	0,95	-0,36

2.2. Græði 9

Sýni af Græði 9 var tekið 25. apríl á Akureyri. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum greindist ekki í honum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er ekki EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 20 Niðurstöður efnagreininga af Græði 9

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,60	-0,40	
Fosfór (P)	2,60	2,58	-0,02	
Kalí (K)	5,00	4,48	-0,52	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-1,07	-1,20

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

2.3. Magni 1

Sýni af Magna 1 var tekið 7. Maí í Þorlákshöfn. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er ekki EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 21 Niðurstöður efnagreininga af Magna 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,80	-0,20	-0,80
Kalsíum (Ca)	8,00	9,14	1,14	-0,64

2.4. Fjölmóði 3

Sýni af Fjölmóða 3 var tekið 30. mars í Þorlákshöfn. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum greindist ekki í honum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er merktur EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 22 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 3

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,40	0,40	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,82	0,62	-0,48
Kalsíum (Ca)	5,40	6,80	1,40	-0,64

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum

2.5. Fjölgræðir 9b

Sýni af Fjölgræði 9b var tekið 30. mars í Þorlákshöfn. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum (Cd) greindist ekki í honum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er merktur EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 23 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 9b

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,00	0,00	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,61	-0,29	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,41	-0,19	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

2.6. Fjölmóði 2

Sýni af Fjölmóða 2 var tekið 7. maí í Þorlákshöfn. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi undir leyfðum vikmörkum fyrir köfnunarefni (N). Fyrirtækið lét efnagreina systursýni hjá Eurofins í Þýskalandi og fékk gildi yfir leyfðum vikmörkum, því eru ekki gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er merktur EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 24 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 2

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	21,70	-1,30	-1,10
Fosfór (P)	5,20	7,56	2,36	-0,48
Kalsíum (Ca)	4,60	6,22	1,62	-0,64

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum.

Tafla 25 Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 2 niðurstöður Eurofins í Þýskalandi.

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	22,40	-0,60	-1,10

2.7. Fjölgræðir 7

Sýni af Fjölgræði 7 var tekið 30. mars í Þorlákshöfn. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum (Cd) greindist ekki í honum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er merktur EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 26 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 7

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	21,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	6,10	6,00	-0,10	-0,48
Kalí (K)	7,50	7,90	0,40	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

2.8. Fjölgræðir 6

Sýni af Fjölgræði 6 var tekið 25. apríl á Akureyri. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi undir leyfðum vikmörkum fyrir köfnunarefni (N). Fyrirtækið lét efnagreina systursýni hjá Eurofins í Þýskalandi og fékk gildi yfir leyfðum vikmörkum, því eru ekki gerðar frekari athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er merktur EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 27 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	20,80	-1,20	-1,10
Fosfór (P)	4,80	4,88	0,08	-0,48
Kalí (K)	9,20	10,91	1,71	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

Tafla 28 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 6 niðurstöður Eurofins í Þýskalandi.

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	21,20	-0,80	-1,10

2.9. Græðir 8

Sýni af Græði 8 var tekið 25. apríl á Akureyri. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum (Cd) greindist ekki í honum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er ekki EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 29 Niðurstöður efnagreininga af Græði 8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,00	0,00	
Fosfór (P)	3,10	3,24	0,14	
Kalí (K)	10,00	10,05	0,05	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,20
Magnesíum (Mg)	3,00	2,52	-0,48	-0,55

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

2.10. Fjölgræðir 5

Sýni af Fjölgræði 5 var tekið 30. mars í Þorlákshöfn. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum (Cd) greindist ekki í honum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er merktur EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 30 Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	17,00	16,90	-0,10	-1,10
Fosfór (P)	6,60	6,38	-0,22	-0,48
Kalí (K)	10,00	11,17	1,17	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

2.11. Græðir 1

Sýni af Græði 1 var tekið 30. mars í Þorlákshöfn. Efnagreiningar á áburðinum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum (Cd) greindist ekki í honum, því eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Áburðurinn er fjölkorna. Áburðurinn er merktur EB-áburður. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins.

Tafla 31 Niðurstöður efnagreininga af Græði 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	13,30	12,50	-0,80	-1,10
Fosfór (P)	6,70	7,22	0,52	-0,48
Kalí (K)	15,10	16,90	1,80	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,10	3,42	0,32	-0,64
Brennisteinn (S)	5,10	5,79	0,69	-0,36

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

VI. Frjó Quatro ehf.

1. Skráður áburður hjá Frjó Quatro ehf.

Frjó Quatro ehf. hefur 61 tegund áburðar á skrá hjá Matvælastofnun. Árið 2012 voru 2 áburðartegundir nýskráða hjá stofnuninni.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni var tekið af einni áburðartegund og eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hennar. Fyrirtækið þarf hins vegar að bæta merkingar á áburði sem það flytur inn, en skylt er að merkja áburðinn á Íslensku.

Á árinu sótti fyrirtækið um skráningu á hreinum fosfór (P) áburði, en gat ekki lagt fram vottorð um kadmíuminnihald. Skráningu áburðarins var því hafnað og fór hann því ekki á markað.

2.1. Monokalíumfosfat

Sýni af monokalíumfosfati var tekið 23. janúar í fyrirtækinu. Niðurstöður efnagreininga gáfu gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum og kadmíum greindist ekki í áburðinum. Engar athugasemdir eru því gerðar við efnainnihald hans. Merkingar eru á Hollensku og er gerð athugasemd við það, en þær eiga að vera á Íslensku.

Tafla 32 Niðurstöður efnagreininga af Monokalíumfosfati

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Fosfór (P)	22,67	22,44	-0,23	-0,48
Kalí (K)	28,22	30,53	2,31	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

VII. Húsasmiðjan

1. Skráður áburður hjá Húsasmiðjunni

Húsasmiðjan var með eina áburðartegund af skrá, en hún hefur nú verið tekin af skrá vegna of mikils kadmíums (Cd) í áburðinum.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Eitt sýni var tekið af áburðinum Garðabláma sem Húsasmiðjan flutti inn. Kadmíum (Cd) í áburðinum greindist hærra en leyfilegt er. Áburðurinn var því tekinn af skrá Matvælastofnunar og fyrirtækið innkallaði hann og tók úr sölu.

2.1. Garðablámi

Sýni af áburðinum var tekið 30. apríl í Húsasmiðjunni á Selfossi. Næringarefnin í áburðinum mældust yfir leyfðum vilmörkum, en kadmíum mældist rúmlega tvöfalt hærra en leyft er. Áburðurinn var því tekinn af skrá Matvælastofnunar og hann innkallaður.

Tafla 33 Niðurstöður efnagreininga af Garðabláma

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vilmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	11,20	-0,80	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,06	-0,14	-0,48
Kalí (K)	14,10	16,51	2,41	-0,91

Kadmíum (Cd) í áburðinum mældist 105 mg/kg fosfórs (P)



VIII. NPK ehf.

1. Skráður áburður hjá NPK ehf.

Fyrirtækið hefur 36 áburðartegundir á skrá Matvælastofnunar. Árið 2012 voru 3 áburðartegundir nýskráða hjá stofnuninni.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Sýni var tekið af einni áburðartegund og eru ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hennar. Niðurstöður eru eftirfarandi:

2.1. Power Basic

Sýnið var tekið 15. maí úr tanki, en áburðurinn er fljótandi. Sýnataka fór fram við Matvælastofnun á Selfossi. Efnagreiningar á sýninu gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir næringarefni og kadmíum mældist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við innihald næringarefna í áburðinum.

Tafla 34 Niðurstöður efnagreininga af Power Basic

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	4,36	4,51	0,15	-0,48
Brennisteinn (S)	2,80	2,97	0,17	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum.

IX. Skeljungur hf.

1. Skráður áburður hjá Skeljungu.

Skeljungur hefur 45 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnunar. Árið 2012 voru 23 áburðartegundir nýskráðar eða endurskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru 17 sýni tekin af 16 áburðartegundum sem Skeljungur flytur inn. Auk þess voru merkingar áburðartegundanna skoðaðar. Efnagreiningar á áburðinum leiddu í ljós að samræmi er yfirleitt á milli skráðra gilda næringarefna og mældra. Kadmíum (Cd) í áburðinum var oftast ekki mælanlegt eða rétt ofan mælanlegra marka. Tvær áburðartegundir stóðust ekki kröfur varðandi næringarefnainnihald og voru teknar af skrá Matvælastofnunar. Dreifing þessara áburðartegunda verður ekki heimiluð fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu áburðarins og niðurstöður þeirra greininga sýni að áburðurinn stenst reglur um næringarefnainnihald Það eru eftirtaldar tegundir:

Sprettur 27% N, þar mældist magnesíum (Mg) undir leyfðum vikmörkum.

Sprettur 12-18-15+ Avail, þar mældist fosfór (P) undir leyfðum vikmörkum

Eftirfarandi eru niðurstöður áburðareftirlits.

2.1. Sprettur 27-6-6

Sýni af Spretti 27-6-6 var tekið 28. mars í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefnin yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 35 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 27-6-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,00	-1,00	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,68	0,08	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,29	0,29	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

Tafla 36 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 27-6-6 frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	2,60	2,51	-0,09	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,08	0,08	-0,91
Kalsíum (Ca)		2,03	2,03	-0,64
Brennisteinn (S)	2,00	2,12	0,12	-0,36

2.2. Sprettur 27% N

Sýni af Spretti 27% N var tekið 7. maí í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu gildi fyrir magnesíum undir leyfðum vikmörkum. Efnagreiningar sem fyrirtækið lét gera hjá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi gáfu einnig gildi fyrir magnesíum undir leyfðum vikmörkum. Önnur næringarefni mældust fyrir ofan leyfð vikmörk. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Vegna þessa fráviks fyrir magnesíum (Mg) er áburðurinn tekinn af skrá Matvælastofnunar og þarf fyrirtækið að skrá hann að nýju. Dreifing áburðarins til notenda verður ekki leyfður fyrr en Matvælastofnun hefur tekið sýni af honum og látið efnagreina og fengið niðurstöður sem sýna að áburðurinn stenst kröfur um efnainnihald.

Tafla 37 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 27% N

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	27,00	0,00	-1,10
Kalsíum (Ca)	4,30	6,19	1,89	-0,64
Magnesíum (Mg)	2,40	1,80	-0,60	-0,55

Tafla 38 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 27% N frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	27,47	0,47	-1,10
Kalsíum (Ca)	4,30	6,24	1,94	-0,64
Magnesíum	2,40	1,71	-0,69	-0,55

2.3. Sprettur 26-13

Sýni af Spretti 26-13 var tekið 27. mars í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 39 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 26-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,20	-0,80	-1,10
Fosfór (P)	5,70	6,10	0,40	-0,48

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum

Tafla 40 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 26-13 frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	26,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	5,70	5,44	-0,26	-0,48
Kalsíum (Ca)	1,30	2,34	1,04	-0,64
Brennisteinn (S)	2,50	2,71	0,21	-0,36

2.4. Sprettur 25-5+Avail+Se

Sýni af Spretti 25-5+Avail+Se var tekið 28. mars í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefnin yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist 14 mg/kg P í áburðinum, sem er innan leyfilegra marka. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 41 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 25-5+Avail+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,90	0,90	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,14	-0,06	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	4,55	1,05	-0,64

Kadmíum (Cd) mældist 14 mg/kg P í áburðinum.

Tafla 42 Niðurstöður efnagreininga af Spretti. 25-5+Avail+Se frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,63	0,63	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,03	-0,17	-0,48
Brennisteinn (S)	2,40	2,12	-0,28	-0,36

2.5. Sprettur 25-5

Sýni af Spretti 25-5 var tekið 7. maí í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefnin yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist 11 mg/kg P í áburðinum, sem er innan leyfilegra marka. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 43 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 25-5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,30	0,30	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,29	0,09	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	4,04	0,54	-0,64

Kadmíum (Cd) mældist 10,92 mg/kg P í áburðinum.

Tafla 44 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 25-5 frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	26,03	1,03	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,15	-0,05	-0,48
Brennisteinn (S)	2,40	3,04	0,64	-0,36

2.6. Sprettur 23-12+Avail

Sýni af Spretti 23-12+Avail var tekið 7. maí í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir fosfór (P) undir leyfðum vikmörkum gildi fyrir köfnunarefni (N) mældist yfir leyfðum vikmörkum. Fyrirtækið lét efnagreina systursýni hjá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi sem fékk gildi fyrir fosfór (P) nærri skráðu gildi. Vegna þessa er ekki gerðar frekari athugasemdir við næringarefnainnihald áburðarins. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 45 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 23-12+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	23,80	0,80	-1,10
Fosfór (P)	5,20	4,18	-1,02	-0,48

Kadmíum (Cd) greinist ekki í áburðinum

Tafla 46 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 23-12+Avail frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	23,46	0,46	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,14	-0,06	-0,48
Brennisteinn (S)	2,40	2,36	-0,04	-0,36

2.7. Sprettur 22-7-6+Se

Sýni af Spretti 22-7-6+Se var tekið 28. mars í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 47 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-7-6+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	21,70	-0,30	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,18	0,08	-0,48
Kalí (K)	5,00	6,75	1,75	-0,91
Kalsíum (Ca)	2,90	4,35	1,45	-0,64
Magnesíum (Mg)	1,60	1,30	-0,30	-0,55

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

Tafla 48 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-7-6+Se frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,58	0,58	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,12	0,02	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,28	0,28	-0,91
Kalsíum (Ca)	2,90	4,28	1,38	-0,64
Brennisteinn (S)	2,60	3,20	0,60	-0,36

2.8. Sprettur 22-7-6

Sýni af Spretti 22-7-6 var tekið 23. apríl á Sauðárkróki. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefnin yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 49 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-7-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	23,10	1,10	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,09	-0,01	-0,48
Kalí (K)	5,00	4,17	-0,83	-0,91
Brennisteinn (S)	2,60	2,94	0,34	-0,36

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

Tafla 50 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-7-6 frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	23,20	1,20	-1,10
Fosfór (P)	3,05	2,90	-0,15	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,03	0,03	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,92	0,42	-0,36

2.9. Sprettur 20-10-10+Avail

Sýni af Spretti 20-10-10+Avail var tekið 27. mars í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefnin yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 51 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-10-10+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,70	-0,30	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,21	-0,19	-0,48
Kalí (K)	8,30	9,38	1,08	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

Tafla 52 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-10-10+Avail frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,75	0,75	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,55	0,15	-0,48
Kalí (K)	8,30	7,77	-0,53	-0,91
Kalsíum (Ca)	2,40	2,84	0,44	-0,64
Brennisteinn (S)	2,50	3,34	0,84	-0,36

2.10. Sprettur 20-10-10

Sýni af Spretti 20-10-10 var tekið 23. apríl á Sauðárkróki. Niðurstöður efnagreininga Matvælastofnunar gáfu gildi fyrir kalí (K) undir leyfðum vikmörkum gildi fyrir önnur næringarefni voru yfir leyfðum vikmörkum. Fyrirtækið lét efnagreina systursýni hjá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi sem fékk gildi fyrir kalí (K) nærri skráðu gildi. Vegna þessa er ekki gerðar frekari athugasemdir við næringarefnainnihald áburðarins. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 53 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-10-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,90	0,90	-1,10
Fosfór (P)	4,40	3,93	-0,47	-0,48
Kalí (K)	8,30	7,38	-0,92	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum.

Tafla 54 Niðurstöður efnagreininga af Spr. 20-10-10 frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,93	0,93	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,22	-0,18	-0,48
Kalí (K)	8,30	8,38	0,08	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,72	0,22	-0,36

2.11. Sprettur 20-12-8+Se

Sýni af Spretti 20-12-8+Se var tekið 28. mars í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefnin yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist 3,7 mg/kg P í áburðinum sem er vel innan leyfðra marka. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 55 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12-8+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,06	-0,14	-0,48
Kalí (K)	6,60	7,78	1,18	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,66	0,16	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 3,7 mg/kg P í áburðinum.

Tafla 56 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12-8+Se frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,56	0,56	-1,10
Fosfór (P)	5,20	4,89	-0,31	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,69	0,09	-0,91
Kalsíum (Ca)	2,40	4,20	1,80	-0,64
Brennisteinn (S)	2,50	2,71	0,21	-0,36

2.12. Sprettur 20-12-8

Sýni af Spretti 20-12-8 var tekið 23. apríl á Sauðárkróki. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 57 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12-8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,90	-0,10	-1,10
Fosfór (P)	5,20	4,79	-0,41	-0,48
Kalí (K)	6,60	7,59	0,99	-0,91

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum

Tafla 58 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12-8 frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,68	0,68	-1,10
Fosfór (P)	5,20	4,91	-0,29	-0,48
Kalí (K)	6,64	6,90	0,26	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,64	0,14	-0,36

2.13. Sprettur DAP

Sýni af Spretti DAP var tekið 28. mars í Þorlákshöfn. Niðurstöður efnagreininga gáfu öll gildi fyrir næringarefni yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum. Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Sekkirnir voru aðeins merktir ógreinilega með tússi, því voru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 59 Niðurstöður efnagreininga af Spretti DAP

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	18,00	18,40	0,40	-1,10
Fosfór (P)	20,00	20,58	0,58	-0,48

Kadmíum (Cd) greindist ekki í áburðinum

Tafla 60 Niðurstöður efnagreininga af Spretti DAP frá efnagreiningastofunni NRM í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	18,00	18,10	0,10	-1,10
Fosfór (P)	20,00	18,92	-1,08	-0,48

2.14. Sprettur 16-15-12

